

Umboðsmaður Alþingis
Álftamýri 7, 150 Reykjavík.

Ábending til umboðsmanns Alþingis

Upplýsingar um þann sem setur fram ábendingu

Fullt nafn Björk Guðmundsdóttir Jón Þórisson Oddný Eir Ævarsdóttir	Kennitala kt. 211165-3839 kt. 120154 -5599 kt 281272-4979	
Heimili Tengiliður: Jón Þórisson, Dunhagi 19		
Póstnúmer 107	Sveitarfélag Reykjavík	
Starfsheiti	Sími (heima) 898 6689	Sími (vinna)

Upplýsingar um ábendingu

Nafn þess aðila, stofnunar eða starfsmanns sem málið varðar Ríkisstjórn Íslands og stjórnvöld ríkisins. Stofnanir í almannaeygu: Orkuveita Reykjavíkur, HS Orka og sveitarfélög sem eru/voru eigendur að hlutum í HS Orku.
Ábending: Þessi ábending varðar það ferli sem leitt hefur til þess að stærstur hluti HS Orku virðist nú um það bil að komast í eigu Magma Energy Sweden AB (MES). Með sölu á hlut Geysir Green Energy og Orkuveitu Reykjavíkur til Magma munu 98,53% hlutafjár í HS Orku verða eign Magma Energy Sweden AB. Ef Magma Energy eignast meirihluta í HS Orku mun fyrirtækið þar með hafa yfirráðarétt yfir nýtingu mikilvægra orkuauðlinda til a.m.k. næstu 65 ára. Meðal þeirra þátta sem við viljum fara fram á að umboðsmaður taki til skoðunar á grundvelli 5. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997 er sala hlutar ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja árið 2007, ákvörðun og úrskurðir samkeppnisyfirvalda um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja, ákvörðunartaka um sölu hluta Orkuveitu Reykjavíkur til MES og síðast en ekki síst álit nefndar um erlenda fjárfestingu á kaup MES á hlutum Geysir Green Energy og Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig viljum við vekja athygli umboðsmanns á tilteknum atriðum í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með það fyrir augum að hann meti hvort ástæða geti verið til að benda Alþingi á meinbugi á þeim, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997. Í ljósi þess að ofangreint ferli hefur verið mjög umdeilt og ógagnsætt teljum við brýnt að umboðsmaður Alþingis taki það til skoðunar og kanni hvort hagsmuna almennings hafi verið gætt á fullnægjandi hátt í málinu og hvort málsmeðferð stjórnvalda í málinu hafi samræmst

lögum og vönduðum stjórnsluháttum.

Hér er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir allan almenning í landinu. Reynsla annarra þjóða sem hafa einkavætt orkuauðlindir sínar eða nýtingu þeirra er að orkuverð hefur hækkað verulega. Sjá til dæmis rit BSRB “ Misheppnuð markaðsvæðing raforku í Bandaríkjunum” eftir Jerrold Oppenheim og Theo MacGregor. Útg. BSRB 2001 og einnig má benda á rannsóknir David Hall prófessors við Greenwich University í London.

Ljóst er að hér er um að ræða stórt og flókið mál og að hlutar þess kunni að falla utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis eins og það er afmarkað í lögum nr. 85/1997.

Við teljum þó mikilvægt að benda á ýmis atriði hér á eftir til skýringar, jafnvel þó ljóst sé að ekki muni allir þættir þeirra geta komið til skoðunar ákveði umboðsmaður að taka málið til frekari athugunar.

Nánari afmörkun ábendingarinnar:

1. Sala á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja árið 2007. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu tilkynnti þann 7. mars 2007 um að til sölu væri 15,2% eignarhlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Í tilkynningunni kemur fram að samkvæmt raforkulögum nr 65/2003 og með vísan til samkeppnislaga megi íslensk orkufyrirtæki í opinberri eigu “ekki bjóða í eignarhlut íslenska ríkisins”.

Með vísan til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna teljum við fullt tilefni til þess að taka til skoðunar hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmd einkavæðingar orkugeirans – og þessari sölu sérstaklega.

Í þessu sambandi má benda á að stjórnvöld hafa ekki nýtt sér ýmis undanþáguákvæði EES samningsins sem taka til sérstöðu orkugeirans og spurningin er hvort stjórnvöld hafi með þessu ekki gætt nægilega vel almannahagsmuna, sbr grein Elviru Mendez (sjá fylgiskjal 2).

2. Ákvarðanir og úrskurðir samkeppnisyfirvalda um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja.

Hér er um að ræða ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008: Kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2008. Í úrskurðinum var niðurstaða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um takmörkun eignarhalds Orkuveitu Reykjavíkur staðfest, þó með þeirri breytingu að stærð leyfilegs eignarhlutar var 10% en ekki 3% eins og í upphaflegu ákvörðuninni. Frestur til að breyta eignarhaldi var svo lengdur með úrskurði í máli nr. 5/2009.

Voru þessar ákvarðanir og úrskurðir byggðir á forsvaranlegu mati, m.a. á stöðu Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt hluthafasamkomulaginu og skilgreiningu markaðar?

Þá viljum við í þessu samhengi aftur minna á niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis og þann áfellsdóm sem skýrsla nefndarinnar er um íslenska stjórnslu og hvort í því samhengi sé ekki full ástæða til þess að skoða úrskurð Samkeppnisstofnunar en þar er til dæmis vitnað til bandarískra laga og dómsúrskurða, sem ekki er vitað til að hafi fordæmisgildi hér.

3. Ákvörðunartaka um sölu hluta Orkuveitu Reykjavíkur til MES.

Hverjar voru forsendur ákvörðunarinnar og hvernig var staðið að undirbúningi hennar?

Í þessu sambandi má benda á að birtir hafa verið útreikningar sem sýna tap Orkuveitu Reykjavíkur vegna sölu hlutabréfa OR til Magma Energy. Um er að ræða útreikninga Birgis Gíslasonar sem birtir voru m.a. á bloggi Láru Hönnu og víðar, Þar kemur fram að heildartap OR vegna sölnunnar sé rúmir 9 milljarðar. Þessir útreikningar hafa ekki verið hraktir. (sjá m.a. <http://blog.eyjan.is/larahanna/2009/08/31/landrad-af-vitaverdu-galeysi/> og <http://bloggheimar.is/ak72/?p=1522> og fylgiskjal 3).

Samkvæmt fréttum í fjölmiðlum bauð a.m.k eitt annað fyrirtæki í hlutina í HS Orku en ekki hefur verið upplýst hvaða fyrirtæki um var að ræða.

Þá viljum við benda umboðsmanni á að haft er eftir sendiherra Bretlands á Íslandi að hann hafi komið upplýsingum um áhugasama breska kaupendur á framfæri við íslensk stjórnvöld, en þessir aðilar hafi aldrei fengið nein viðbrögð.

4. Álit nefndar um erlenda fjárfestingu á kaup MES á hlutum Geysir Green Energy og Orkuveitu Reykjavíkur.

Með álit, dags. 22. mars 2010, komst meirihluti nefndar um erlenda fjárfestingu að þeirri niðurstöðu að fjárfesting Magma Energy Sweden AB á hlutum í HS Orku hf. gangi ekki gegn ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991. Með álit, dags. 7. júlí sl. komst meiri hluti nefndarinnar svo að sömu niðurstöðu varðandi fjárfestingu MES á viðbótarhlutafé í HS Orku hf. Minnihluti nefndarinnar skilaði séráliti í báðum málunum og komst að gagnstæðri niðurstöðu.

Við teljum ýmislegt athugasemdi við málsmeðferð og rökstuðning meirihlutans í málinu og beinum því til umboðsmanns að taka þessar álitgerðir meirihluta nefndarinnar til skoðunar. Nánari grein verður gerð fyrir athugasemdum okkar hvað þennan lið varðar hér á eftir.

Það er skoðun okkar að nauðsynlegt sé að umboðsmaður Alþingis gæti hagsmuna almennings í þessu máli enda eru almenningi ekki aðrar leiðir færar en að leita til hans til að standa vörð um þessa hagsmuni. Við teljum brýnt að umboðsmaður beiti rannsóknarheimildum sínum til að varpa ljósi á sem flesta þætti þessa máls og kanni hvort hér hafi verið staðið að málum með lögmætum og málefnalegum hætti.

Hér á eftir verða sett fram ýmis atriði máli okkar til stuðnings og sem jafnframt minna á þau gömlu sannindi að brennt barn ætti að forðast eldinn;

Þeir atburðir sem leiddu til hrunsins haustið 2008 ættu að vera okkur víti til varnaðar. Í því sambandi viljum við enn minna á þann áfellsdóm sem felldur er yfir íslenskri stjórnslu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, m.a. að því er varðar ákvarðanir stjórnvalda í tengslum við einkavæðingu ríkisfyrirtækja og óvandaðan undirbúning ýmissa mikilvægra ákvarðana. Enda þótt ný ríkisstjórn hafi tekið við er fátt sem bendir til þess að nýir siðir hafi verið teknir upp í „kerfinu“.

Upplýsingar sem útfyllist af skrifstofu umboðsmanns

Móttökudagur	Númer máls	Kennitala stjórnarsýsluaðila
Efnisflokkun	Meðferð	

Rökstuðningur fyrir ábendingum.

Hér verður einkum fjallað um álit nefndar um erlenda fjárfestingu enda hafa gögn nefndarinnar verið birt opinberlega. Hvað aðra þætti málsins varðar biðjum við umboðsmann að hafa í huga að við höfum sem almennir borgarar ekki greiðan aðgang að gögnum umfram það sem kynnt hefur verið á opinberum vettvangi.

Bent hefur verið á að Magma Energy er tiltölulega ungt fyrirtæki og hefur litla reynslu af nýtingu og rekstri jarðvarmavirkjana og orkusölu. Upphaflega var Magma Energy kynnt til sögunnar sem kandískt fyrirtæki sem síðan stofnaði dótturfyrirtæki í Svíþjóð, þegar ljóst varð að samkvæmt lögum er fyrirtækjum með heimilisfestu utan EES svæðisins óheimilt að eiga orkufyrirtæki á Íslandi.

Magma Energy Sweden AB er skráð á lögmannsstofu í Gautaborg og hefur því verið haldið fram (m.a. af minnihluta nefndar um erlendar fjárfestingar) að Magma Sweden AB sé skúffufyrirtæki, stofnað til þess að sniðganga lög.

Með þessu erindi fylgir greinargerð Láru Hönnu um heimsókn Teits Atlasonar í meintar höfuðstöðvar Magma Energy Sweden AB. Samtal Teits við starfsmann lögmannsstofunnar Glimstedt í Gautaborg staðfestir að engin starfsemi fer fram á vegum Magma Energy Sweden AB í því húsnæði sem skráð er sem lögheimili félagsins í Svíþjóð. (sjá pistil Láru Hönnu: <http://blog.eyjan.is/larahanna/2010/07/10/afhjupun-eda-ekki-afhjupun/>).

Eins og áður segir hefur verið bent á að stofnun Magma Energy Sweden AB sé í raun málamyndagjörningur til þess að uppfylla ákvæði EES sammingsins. Nefnd um erlenda fjárfestingu kemst í álitinu sínu dags. 22. mars 2010 að þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til þess að gera athugasemdir við þennan gjörning.

Álit nefndar um erlenda fjárfestingu felur í sér niðurstöðu um lögfræðilegt álitaefni sem ljóst er að skiptar skoðanir eru um meðal sérfræðinga í Evrópurétti. Samkvæmt því sem fram kemur í álitinu leitaði nefndin til Lagastofnunar Háskóla Íslands um álit á nokkrum atriðum málsins. Fram kemur að Dóra Guðmundsdóttir hafi unnið álitinu. Einnig kemur fram að nefndin hafi leitað til Kristínar Haraldsdóttur, forstöðumans Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík við meðferð málsins en ekkert er vikið að álitinu eða niðurstöðum hennar varðandi þau álitaefni sem um er að ræða. Virðist álit meirihluta nefndarinnar byggja alfarið á álitinu Dóru Guðmundsdóttur. Dóra gegnir stöðu adjúnkts við lagadeild Háskóla Íslands. Hún er ekki starfsmaður Lagastofnunar eftir því sem best verður séð. Hér skal bent á að það er raunar umhugsunarefni hversu hlutlaus umsagnaraðili Lagastofnunar Háskóla Íslands er í málinu þegar haft er í huga að önnur af tveimur rannsóknarstöðum stofnunarinnar er kostuð að samtökum orkufyrirtækja, Samorku.

Af séráliti minnihluta nefndarinnar má ráða að við meðferð málsins hafi verið haft samband við Elviru Méndez Pinedo, dósent í Evrópurétti við lagadeild Háskóla Íslands og

stjórnarformann rannsóknarstofu háskólans í Evrópurétti. Elvira hefur lokið doktorsprófi í Evrópurétti og er einn helsti sérfræðingur í þeirri grein á Íslandi. Það vekur athygli að þessa sér hvergi stað í álit meirihluta nefndarinnar og þar er ekki með einu orði vikið að röksemdum og fræðilegum niðurstöðum Elviru varðandi það álitaefni sem lá fyrir nefndinni að skera úr um. Niðurstöður Elviru má lesa í greinargerð sem hún birti á bloggsíðu sinni 17. mars 2010, eða fimm dögum áður en álit nefndarinnar var gefið út. Sjá:

<http://elvira.blog.is/blog/elvira/entry/1031681/> og fylgiskjal 2

Ef bornar eru saman röksemdir sem hafðar eru eftir Dóru Guðmundsdóttur í álit meirihluta nefndar um erlenda fjárfestingu og röksemdafærsla Elviru í greinargerð hennar kemur í ljós að Dóra virðist byggja niðurstöður sínar á eldri dómum Evrópudómstólsins en ályktanir Elviru byggjast hins vegar á nýrri dómaframkvæmd, m.a. dómi frá janúar sl.

Svo virðist því sem rökstuðningur meirihluta nefndar um erlenda fjárfestingu sé afar illa grundaður og að þar sé skautað fram hjá þeim sjónarmiðum sem styrkt gætu aðra niðurstöðu en þá sem meirihluti nefndarinnar komst að. Þetta þykja okkur forkastanleg vinnubrögð þegar litið er til þess hversu gríðarlega þýðingarmikið málið er.

Í niðurlagi tilkynningar um kaup Magma Energy Sweden AB á hlut í HS Orku, sem birt var á heimasíðu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins þann 25. mars 2010 segir: “

***“Efnahags- og viðskiptaráðherra er samkvæmt lögum samkvæmt [sic] bundinn af ákvörðun nefndar um erlenda fjárfestingu. Ráðherra hefur tilkynnt kaupanda niðurstöðuna og að fjárfesting MES í HS Orku hf. samrýmist lögum.*”**

Í 12. gr. laga nr. 34/1991 um erlendar fjárfestingar segir einungis að nefndin skuli vera ráðherra „til ráðuneytis“ við leyfisveitingar samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en að efnahags- og viðskiptaráðherra sé samkvæmt lögum falið að bera ábyrgð á og fara með úrslitavald um leyfisveitingar til erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum orkuviðnaði.

Loks vakna spurningar um hvort ráðherra hafi fullnægt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 með því að láta rannsókn og meðferð leyfisveitingarinnar alfarið í hendur umræddrar nefndar, að því er virðist.

Hér má líka vekja athygli á því að ekki eru í lögum nr. 34/1991 gerðar neinar hæfiskröfur til nefndarmanna í nefnd um erlenda fjárfestingu sem hlýtur að teljast umhugsunarvert þegar litið er til mikilvægis þeirra mála sem nefndinni er ætlað að fjalla um.

Hér á eftir eru settar fram ýmsar fleiri athugasemdir og ábendingar til stuðnings erindi okkar til umboðsmanns Alþingis.

Færð hafa verið rök fyrir því að kaup Magma Energy á HS Orku séu nauðsynleg innspýting fyrir efnahagslífið og auknar erlendar fjárfestingar séu forsenda endurreisnar eftir hrunið. Hins vegar virðist samningurinn við Magma þannig búinn að sáralítið erlent fjármagn kemur inn í landið og stærsti hluti kaupverðsins er tekinn að láni innanlands.

- Samkvæmt kaupsamningi við Magma Energy er stærsti hluti kaupverðsins fjármagnaður með innlendu kúluláni – með veði í hlutabréfum Magma. Í þessu samhengi vaknar spurningin um hver hagar samfélagsins sé þá í raun af þessari sölu?
- Með tilliti til þess að Magma Energy Sweden er líklega skúffufyrirtæki vaknar sú spurning hver ábyrgð móðurfyrirtækisins er, ef til þess kemur að ganga þurfi að veðum og ábyrgðum?

Geysir Green Energy var upphaflega stofnað af FL Group (35%), Glitni (25%) VGK hönnun (10%) og Reykjanesbæ (2,5 %). Í ljósi þeirra hremminga sem stærstu hluthafar GGE hafa gengið í gegnum er spurningin hvert raunverulegt eignarhald á hlutum Geysir Green Energy var/er og hvert umboð stjórnenda Geysir Green Energy til þess að selja hlut fyrirtækisins í HS Orku er/var og jafnframt með hvaða hætti GGE gat fjármagnað hlutafjárkaupin á árinu 2009 – í ljósi fjárhagslegrar stöðu stærstu hluthafa GGE.

OECD hefur gefið út skýrslu um einkavæðingu; „Privatisation in the 21st Century: Recent Experiences of OECD Countries. Report on Good Practices“ (sjá fylgiskjal 3) – þar sem m.a. er lögð áhersla á að einkavæðingarferli skili seljendum reiðufé. Svo virðist ekki vera um söluna á HS Orku. Í því ljósi vaknar sú spurning hvort framkvæmd hennar geti talist uppfylla kröfur um vandaða stjórnsýsluhætti.

-

Í endurskoðunaráætlun AGS er eftirfarandi tilvitnun: „11. **There are headwinds to the recovery, although some upside is also possible.** The main short-run risks are further delays in investments in energy-intensive sectors, high fiscal multipliers (to the extent that the distressed private sector cannot offset the impact of necessary fiscal restraint on domestic demand), and possible emigration. Constraints on the reallocation of resources from non-tradable to tradable sectors lack of financing and certain aspects of regulatory policies—may impede recovery in the medium term. On the other hand, there is ample potential for higher FDI in response to the improvements in competitiveness. And program projections for current account related income receipts are very conservative (and to the extent they are higher, this would mean less pressure for adjustment through the trade balance, more real appreciation, and a balance sheet related boost).“ Sjá bls 7. í IMF Country Report No. 10/95. Apríl 2010: <http://www.imf.org/external/pubs/cat/longres.cfm?sk=23806.0>

Í ljósi ofangreindrar yfirlýsingar AGS vaknar spurningin um hvort stefna sjóðsins hafi haft áhrif á aðgerðir og/eða aðgerðaleyfi stjórnvalda varðandi söluna á HS Orku og hvort slíkt afskipti erlendra stofnana samræmist stjórnsýslulögum og stjórnarskrá.

Á heimasíðu Think Geo Energy eru upplýsingar um eigendur hlutafjár í Magma Energy „**A rough list of the shareholders of Magma Energy Corp.: Ross Beaty/ Sitka Foundation 46.4%, Springleaf Enterprises/ Saudi Interests 7%, AltaGas Income Fund about 5%, Cascade Investment (a fund by Bill Gates) 2.5% and other institutional holders representing about 34.5%. Individual investors are holding around 4.6%.“**

Sjá <http://thinkgeoenergy.com/archives/2294>

Þrátt fyrir ítrekaða leit á netinu er engar upplýsingar að finna um suma þessa aðila, s.s. Springleaf Enterprises, né heldur félag forstjóra Magma, Sitka Foundation.

Í ljósi ákvæða 1. mgr. 5. gr. laga nr. 34/1991 um skyldu efnahags- og viðskiptaráðuneytis til að afla ítarlegra upplýsinga, m.a. um eigendur atvinnufyrirtækja sem falla undir lögin beinum við því til umboðsmanns að kanna hvort fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um eigendur þess fyrirtækis sem fara mun með raunverulegt eignarhald á HS Orku og skiptingu eignarhluta þeirra.

Hagsmunatengsl – “revolving doors”.

Af umfjöllun fjölmiðla má ráða að lykilmenn við sölu HS Orku til Magma Energy tengist hagsmunaböndum, og má þar benda t.d grein í DV (sjá Fylgiskjal 4, grein Jóhanns Haukssonar frá því í júlí 2009: „S-hópurinn fer með völd í Geysir Green Energy“) þar sem fjallað er ítarlega um meint hagsmunatengsl lykilmanna úr pólitík og viðskiptalífi við GGE Það er skoðun okkar að nauðsynlegt sé að rannsaka þennan þátt málsins og hvort um óeðlileg hagsmunatengsl geti verið að ræða. Við gerum okkur þó grein fyrir því að óvíst er hvort slík rannsókn geti fallið undir starfssvið umboðsmanns Alþingis.

Þá viljum við jafnframt benda á blogg Láru Hönnu þar sem einkavæðing orkugeirans hefur verið til umfjöllunar. Lára Hanna hefur tekið saman heimildir og umfjöllun fjölmiðla um ferli Magma málsins og fjallað um það frá öllum sjónarhornum og leitt í ljós persónuleg og viðskiptaleg hagsmunatengsl og tilraunir til þess að hjúpa málið allt leynd. Umfjöllun Láru Hönnu, ein og sér ætti, að vera næg ástæða til þess að taka þetta mál allt upp frá grunni.

Að lokum viljum við benda umboðsmanni á að í ljósi þeirra efnahagslegu erfiðleika sem þjóðin gengur nú í gengum er full ástæða er til þess að kalla eftir mati stjórnvalda á þessu máli í heild sinni með vísan í 12. grein laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri þar sem segir;

” Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvar slíka fjárfestingu...”

Afleiðingar efnahagshrunsins hafa leitt til skertra lífskjara fyrir allan almenning í landinu og fyrirtæki sem áður voru í almannaeigu voru einkavædd og seld og keyrð í þrot á örfáum árum. Enn er tími til þess að stöðva þann leik sem nú er í gangi með orkufyrirtækin og minnir óþægilega á einkavæðingu og sölu bankanna og fleiri opinberra fyrirtækja í aðdraganda hruns efnahagskerfisins haustið 2008.

Þær ákvarðanir sem teknar verða um framsal orkuauðlindanna nú varða ekki bara okkur, heldur börnin okkar og komandi kynslóðir.

Við stöndum á tímamótum sem gefa tilefni til þess að við stöldrum við og veltum framtíðinni fyrir okkur.

Viljum við framselja nýtingu orkuauðlindanna og hagnaðinn af þeim til erlendra fyrirtækja?

Hver er hagur okkar af slíku fyrirkomulagi?

Þetta eru spurningar sem ekki verður svarað af ráðherraskipaðri nefnd eða einstökum stjórnáráðgjöfingjum.

Þjóðin öll hlýtur að hafa lögsögu í þessu máli.

Hefur áður verið kvartað yfir þeim ákvörðunum eða annarri háttsemi sem lýst er hér að framan ?

Nei

Hefur kvörtunarefnið verið lagt fyrir dómstóla ?

Nei

Skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja kvörtun.

Fylgiskjal 1: Útreikningar Birgis Gíslasonar, útprent af <http://bloggheimar.is/ak72/?p=1522>.

Fylgiskjal 2: Elvira Méndes Pinedo: „Freedom of establishment for companies and abuse of rights in EU/EEA law – Energy Policy“.

Fylgiskjal 3: OECD: „Privatisation in the 21st Century: Recent Experiences of OECD Countries. Report on Good Practices“.

Fylgiskjal 4: Jóhann Hauksson: „S-hópurinn fer með völd í Geysir Green Energy“. DV júlí 2009.

Athugasemdir:

(Dagsetning)

(Undirskrift)